

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 10. janúar 2023
UST202212-049/A.B.
10.04.03

Efni: Umsögn - Deiliskipulag - Skjaldborg og Kerling, fjallasel í Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 6. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Skjaldborg og Kerlingu, fjallaseli í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram að nú þegar eru á staðnum fjórir skálar, tveir gistiskálar og tvö hesthús, auk tveggja lítilla húsa. Tillagan gerir ráð fyrir tveimur lóðum fyrir gistiskála og einni fyrir hesthús. Fyrir Skjaldborg hesthús er heimilt að viðhalda núverandi mannvirkjum og afmarka tvö hólf fyrir hesta.

Fyrir gistiskála er val um hvort byggt verði upp skv. heimild A eða heimild B.

Heimild A fyrir gistiskálann Skjaldborg gengur út á að heimilt er að stækka núverandi skála í allt að 100 m² eða byggja nýjan 100 m² skála í hans stað þar sem gisting getur verið fyrir allt að 20 gesti. Fyrir gistiskálann Kerlingu er heimilt að stækka núverandi fjallaskála í allt að 100 m² eða byggja nýjan 100 m² skála í hans stað þar sem gisting getur verið fyrir allt að 20 gesti. Innan lóðar er einnig 6 m² skáli sem kallast Dalabúð og er nýttur sem geymsla/kamar.

Heimild B fyrir gistiskálana Skjaldborg eða Kerlingu er sú að ef sameinast verður um uppbyggingu á staðnum þá verði heimilt að stækka annan hvorn núverandi gistiskála eða byggja einn nýjan. Heildarbyggingarmagn gistiskála getur verið allt að 200 m². Gisting getur verið fyrir allt að 40 gesti.

Auk þess kemur fram að svæðið er á náttúruminjaská, innan verndarsvæðis vatnasviðs Þingvallavatns og einkenni svæðisins er að það er hálfgróið hraunasvæði sem vaxið er mosa.

Hraun - Verndarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið á skipulagssvæðinu fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun á hrauni nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í tillögunni og auk þess þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Þar sem að tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Umhverfisviðmið

Í mati á áhrifum uppbyggingar skv. deiliskipulagstillögunni á umhverfisþáttinn land og landslag kemur fram að áhrifin eru metin *neikvæð*. Í skýringum á hvað er átt við með neikvæðum áhrifum segir (bls. 14); *Neikvæð áhrif. Stefna skipulagsins gengur gegn umhverfisviðmiði.*

Í töflu 2 kemur fram að umhverfisviðmið fyrir umhverfisþáttinn land og landslag sé *aðalskipulag Bláskógarbyggðar 2015 – 2027*.

Umhverfisstofnun telur þessa framsetningu vera óljósa, en líta mætti á að deiliskipulagsáætlunin *gangi gegn* aðalskipulaginu og sé þar af leiðandi ekki í samræmi við aðalskipulagið.

Umhverfismatsskýrsla

Umhverfisstofnun telur að undir umhverfisviðmiðum fyrir umhverfisþáttinn jarðmyndanir í töflu 2 sé mikilvægt að lög nr. 60/2013 um náttúruvernd séu tekin fram.

Auk þess er fjallað um verndarmarkmið vatnasviðs Þingvallavatns í greinargerð, en ekkert er fjallað um áhrif tillögunnar á vatnasviðið í umhverfismatsskýrslu. Því þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatnasviðið í umhverfismatsskýrslu með viðeigandi matsspurningum og umhverfisviðmiðum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur